



Borgarráð

***COVID-19 - Aukin fjárhagsaðstoð og tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð***

Lagt er til að meðfylgjandi tillaga sem samþykkt var á fundi velferðarráðs þann 6. maí sl., um eingreiðslur og tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg vegna Covid-19 faraldursins, verði samþykkt. Áætlaður kostnaður er á bilinu 20 m.kr. til 25 m.kr. miðað við gefnar forsendur í kostnaðarmati. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga um aðgerðir vegna Covid-19 veirufaraldursins, dags. 6. maí 2020.

Kostnaðarmat skrifstofu fjármála- og rekstrar á velferðarsviði.

Minnisblað sviðsstjóra um líklegar sviðsmyndir um fjölgun á fjárhagsaðstoð vegna Covid-19.

Jafnréttisskimun.



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Á fundi velferðarráðs þann 6. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga um aðgerðir vegna Covid-19 veirufaraldursins:

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi tillögur um eingreiðslur og tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg vegna Covid-19 faraldursins. Áætlaður kostnaður miðað við þriggja mánaða tímabil getur verið á bilinu 20 m.kr. til 25 m.kr. miðað við gefnar forsendur í meðfylgjandi kostnaðarmati.

1. Lagt er til að forsjáraðili sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu í jan - mars 2020 fái eingreiðslu með hverju barni sem er með lögheimili hjá forsjáraðila sem nemur 20.000 kr. Framangreind aðstoð skal greidd á grundvelli 16. og 27. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

2. Lagt er til að tilslakanir verði gerðar á tilteknum ákvæðum í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, sem hér segir:

a) Á 6. og 7. mgr. 8. gr. er fjallar um umsóknir og nauðsynleg fylgigögn, þannig að fallið verði frá kröfu um að þeir einstaklingar sem eru án bótaréttar skili inn staðfestingarskjali um virka atvinnuleit;

b) á 1. - 4. mgr. 11. gr. er fjallar um grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar, þannig að umsækjandi um fjárhagsaðstoð sem er í hjónabandi og maki hans staddur erlendis, fái greidda fjárhagsaðstoð í tvo mánuði samkvæmt einstaklingskvarða (en ekki fjárhæð sem nemur hálfum hjónakvarða);

c) á 12. gr., er fjallar um tekjur og eignir umsækjanda í mánuðinum á undan, þannig að tekjur fyrri mánaðar, allt að 300.000 kr., dragist ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar í fyrsta umsóknarmánuði. Þá er lagt til að heimilt verði að líta framhjá því skilyrði að umsækjandi um fjárhagsaðstoð eigi ekki eignir utan íbúðarhúsnæðis og eina fjölskyldubifreið;

Pegar hafa verið gerðar ýmsar tímabundnar tilslakanir á verklagi með reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, sem staðfestar voru af velferðarráði 22. apríl sl. og fela þær ekki í sér viðbótarkostnað. Nánar er gerð grein fyrir þeim í greinargerð.

Aðgerðir þessar taka gildi frá og með 1. maí 2020 og gilda til 30. júní 2020.

Halda skal sérstaklega utan um þau mál sem samþykkt eru á grundvelli framangreindra tillagna og fjölda þeirra í málaskrá velferðarsviðs.

Samþykkt.

Eftirfarandi bókanir voru lagðar fram:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fagna þeim aðgerðum sem nú eru samþykktar til að bregðast við því ástandi sem hefur skapast vegna Covid-19. Eingreiðslur til foreldra á fjárhagsaðstoð með börn á framfæri upp á kr. 20.000 með hverju barni til að bregðast við auknum úgjöldum vegna aukinnar viðveru barna á heimilum, tímabundin innleiðing á frítekjumörkum vegna tekna fyrri mánaða upp að allt að kr. 300.000 og það að hverfa tímabundið frá þeirri kröfu að notendur sýni fram á virka atvinnuleit eru allt aðgerðir sem skipta miklu máli fyrir notendur fjárhagsaðstoðar við þessar fordæmalausú aðstæður. Þá er einnig tryggt að þeir sem eiga maka sem eru „fastir“ erlendis fái fulla fjárhagsaðstoð einstaklings (kr. 207.709) en ekki hálfan hjónakvarða (kr. 166.167) eins og nú er.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er ánægjulegt að sjá að Reykjavík ætlar að koma til móts við fólk sem lendir í ófyrirséðum erfiðleikum vegna heimsfaraldursins. Það er þó fullljóst að 20.000 króna eingreiðsla dugar skammt. Ef við eigum að koma til móts við fátækasta hóp borgarinnar þá dugir ekki að tjalda til einnar nætur. Flokkur fólksins vill sjá fjárhagsaðstoð Reykjavíkur hækka varanlega um 20.000 krónur. Ef það þykir ómögulegt þá þarf að minnsta kosti að framlengja eingreiðsluúrræðið þannig að fólk fái 20.000 króna viðbót við fjárhagsaðstoð í 3 mánuði. Það er mat Flokks fólksins að almennt séð eru borgaryfirvöld ekki að koma nægilega á móts við ellilífeyrisþega og öryrkja og það er jafnframt mat margra þeirra líka eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Sumir eiga einfaldlega ekki til hnífs og skeiðar og glíma auk þess sumir einnig við húsnæðisvanda. Margir áttu afar erfitt áður en Covid-faraldurinn skall á

og staðan eftir að Covid-19 skall á hefur versnað hjá þessu fólki til muna.

Fulltrúi Sósíalístaflókks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er gott að verið sé að skoða sérstaklega aðstæður þeirra sem þurfa stuðning núna. Fulltrúi sósíalísta telur þó að almennt þurfi að hækka upphæð fjárhagsaðstoðar sem er lág til þess að byrja með. Þó að tillagan feli í sér að verið sé að líta fram hjá tekjum fyrri mánaðar, þannig að allt að 300.000 kr. dragist ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar í fyrsta umsóknarmánuði, þá telur fulltrúi sósíalísta að þau mörk hefðu þurft að vera hærri. Einstaklingar sem sækja um fjárhagsaðstoð vita það oftast ekki fyrirfram og fyrri tekjur því oft ekki eitthvað sem viðkomandi á eftir þegar greiðslur fjárhagsaðstoðar til framfærslu hefjast.

Tillagan er hér með send til samþykktar.

Virðingarfyllt



Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri





## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu: Aðgerðir vegna Covid-19 veirufaraldursins.

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi tillögur um eingreiðslur og tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg vegna Covid-19 faraldursins. Áætlaður kostnaður miðað við þriggja mánaða tímabil getur verið á bilinu 20 m.kr. til 25 m.kr. miðað við gefnar forsendur í meðfylgjandi kostnaðarmati.

1. Lagt er til að forsjáraðili sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu í jan - mars 2020 fái eingreiðslu með hverju barni sem er með lögheimili hjá forsjáraðila sem nemur 20.000 kr. Framangreind aðstoð skal greidd á grundvelli 16. og 27. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.
2. Lagt er til að tilslakanir verði gerðar á tilteknum ákvæðum í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, sem hér segir:
  - a) Á **6. og 7. mgr. 8. gr.** er fjallar um umsóknir og nauðsynleg fylgigögn, þannig að fallið verði frá kröfu um að þeir einstaklingar sem eru án bótaréttar skili inn staðfestingarskjali um virka atvinnuleit;
  - b) á **1. - 4. mgr. 11. gr.** er fjallar um grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar, þannig að umsækjandi um fjárhagsaðstoð sem er í hjónabandi og maki hans staddur erlendis, fái greidda fjárhagsaðstoð í tvo mánuði samkvæmt einstaklingskvarða ( en ekki fjárhæð sem nemur hálfum hjónakvarða);
  - c) á **12. gr.**, er fjallar um tekjur og eignir umsækjanda í mánuðinum á undan, þannig að tekjur fyrri mánaðar, allt að 300.000 kr., dragist ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar í fyrsta umsóknarmánuði. Þá er lagt til að heimilt verði að líta framhjá því skilyrði að umsækjandi um fjárhagsaðstoð eigi ekki eignir utan íbúðarhúsnæðis og eina fjölskyldubifreið;

Þegar hafa verið gerðar ýmsar tímabundnar tilslakanir á verklagi með reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, sem staðfestar voru af velferðarráði 22. apríl sl. og fela þær ekki í sér viðbótarkostnað. Nánar er gerð grein fyrir þeim í greinargerð.

Aðgerðir þessar taka gildi frá og með 1. maí 2020 og gilda til 30. júní 2020.

Halda skal sérstaklega utan um þau mál sem samþykkt eru á grundvelli framangreindra tillagna og fjölda þeirra í málaskrá velferðarsviðs.

### **Greinargerð:**

Í byrjun þessa árs var neyðarstjórn velferðarsviðs virkjuð vegna Covid-19 veirufaraldursins. Ýmsir undirhópar voru settir á laggirnar sem tóku til aðgerða sem miðuðu að smitvörnum og að draga úr útbreiðslu veirunnar. Nú er svo komið að huga þarf að öðrum afleiðingum veirufaraldursins, þ.e. fjárhagslegum og félagslegum áhrifum. Skráð atvinnuleysi mældist 5% í febrúar og hefur Vinnumálastofnun spáð því að það geti farið upp í allt að 17% í apríl. Ljóst er að afleiðingar munu koma fram hjá þeim fjölmörgu viðkvæmu hópum sem eru í þjónustu velferðarsviðs, s.s. börnum og fjölskyldum, eldri borgurum, fötluðu fólki, jaðarsettum hópum, útlendingum, flóttafólki og þeim tekjulægstu.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem velferðarsvið stendur frammi fyrir vanda sem ógnar fjárhagsafkomu ákveðinna hópa Reykjavíkurborgar. Skemmst er að minnast þeirra aðstæðna sem sem sköpuðust við hrun íslensku bankanna árið 2008 þegar atvinnuleysi mældist 10,5% þegar mest var. Viðbrögð velferðarsviðs á fyrstu mánuðum eftir bankahrunið voru að gefa út tímabundin tilmæli til starfsmanna þjónustumiðstöðva er luttu að ýmsum tilslökunum á framkvæmd fjárhagsaðstoðar.

Tillögurnar sem að ofan greinir eru í stórum dráttum sambærilegar þeim aðgerðum sem gripið var til í bankahruninu 2008 en nú er þó meiri áhersla lögð á að aðstoða barnafjölskyldur. Árið 2008 var vikið frá því skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð að umsækjendur framvísuðu minnisblaði atvinnuleitenda og heimilt var að líta fram hjá því skilyrði að umsækjandi um fjárhagsaðstoð ætti ekki eignir utan íbúðarhúsnæðis og fjölskyldubíls, s.s. tjaldvagn, aukabíl eða aðrar stórar eignir. Ekki var þó heimilt að líta fram hjá því skilyrði að horfa til tekna mánuðinn sem sótt var um og mánuðinn þar á undan, eins og nú er lagt til. Hins vegar var atvinnulausum veitt tímabundin heimild til að hafa opið virðisaukaskattsnúmer samhliða því að viðkomandi fékk greiddar atvinnuleysisbætur og heimilað var að tekjur einstaklings vegna þeirrar starfsemi gætu numið allt að 100.000 kr. á mánuði. Að svo stöddu er ekki lögð til samskonar heimild í framangreindum tillögum en nauðsynlegt er að fylgjast með nefndum hóp og kanna vel hvort þörf til aðstoðar skapist. Nú er hins vegar gengið lengra í átt að styrkja barnafjölskyldur 20.000 kr. eingreiðslu með hverju barni, en ljóst er að aukin viðvera á heimilum hefur aukið útgjöld þeirra til muna. Þá er lagt til að þeir sem eiga maka sem eru „fastir“ erlendis fái fulla fjárhagsaðstoð einstaklings (kr. 207.709) en ekki hálfan hjónakvarða (kr. 166.167) líkt og venjan er. Þetta mun m.a. koma sér vel fyrir flóttamenn sem eru hérlendis og bíða eftir fjölskyldusameiningu og þurfa t.d. að standa straum af hárrí húsaleigu.

Þá hefur velferðarráð þegar staðfest tímabundnar tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð hvað varðar skil á gögnum en þær eru eftirfarandi:

- Heimilt er að gera umsókn til þriggja mánaða í stað eins mánaðar þegar sótt er um á pappír.
- Heimilt er að framlengja gildistíma þegar framlagðra læknisvottorða í stað þess að óska eftir nýjum.
- Veita má eftir atvikum undanþágu í einn mánuð á skriflegri undirritun endurnýjaðra umsókna um fjárhagsaðstoð ef brýn þörf skapast.
- Ef einstaklingur er viðtakandi fjárhagsaðstoðar til framfærslu og getur ekki sótt rafrænt um má gera undanþágu á undirritun umsóknar á pappír eða taka við beiðni gegnum tölvupóst/síma.
- Kvittunum fyrir útlögðum kostnaði má skila inn með skönnun/mynd í tölvupósti eða með því að setja þær í pósthólf.
- Þeir notendur sem óska eftir að umsóknum sé áfrýjað til velferðarráðs geta sent tölvupóst þar um eða getið þess munnlega.

Fylgiskjöl:

- Kostnaðarmat skrifstofu fjármála- og rekstrar á velferðarsviði.
- Minnisblað sviðsstjóra um líklegar sviðsmyndir um fjölgun á fjárhagsaðstoð vegna Covid-19
- Jafnréttisskimun.

## Kostnaðarmat

1. Eingreiðsla til notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Börn þeirra forsjáraðila sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í janúar- mars fá eingreiðslu með hverju barni sem nemur 20.000 kr. Um er að ræða 481 börn.

Heildarkostnaður er 9,6 m.kr.

Börn 0-17 ára	Fjöldi	Upphæð	1 mán
Börn einstæðra mæðra	306	20.000	6.120.000
Börn einstæðra feðra	23	20.000	460.000
Börn hjóna/samb.fólks	152	20.000	3.040.000
Samtals	481		9.620.000

2. Tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð:

a) Ekki gerð krafa um að skil á gögnum um virka atvinnuleit.

Aðgerðin mun ekki leiða til aukins kostnaðar.

b) Full fjárhagsaðstoð vegna maka erlendis.

Þeir sem eru skráðir í hjúskap í þjóðskrá fá greidda fulla fjárhagsaðstoð í stað þess að fá hálfan hjónakvarða. Gildir í 2 mánuði.

Heildarkostnaður er 3,3 m.kr.

Full fjárhagsaðstoð í stað hálf hjónakvarða	Fjöldi	Upphæð	1 mán	2 mán
	10	166.167	1.661.670	3.323.340

c) Ekki litið til tekna fyrri mánaðar að allt að 300.000 kr. og ekki litið til eigna.

Tekjur fyrri mánaðar, allt að 300.000 kr. dragist ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar í fyrsta umsóknarmánuði. Gildir í 1 mánuð og fyrir þá sem eru að koma inn í fyrsta sinn.

Heildarkostnaður á bilinu 7,5 – 12 m.kr.

	Fjöldi	1 mán
Tekjur fyrri mánaðar, allt að 300.000	50	7.500.000
dragast ekki frá fjárhæð	60	9.000.000
fjárhagsaðstoðar	70	10.500.000
	80	12.000.000

Það að líta fram hjá eignum umfram íbúðarhúsnæði og fjölskyldubifreið mun hafa óverulega hækkun í för með sér.



Samtals kostnaður vegna breytinganna nemur á bilinu 20 m.kr. – 25 m.kr.

	<b>Lágmark</b>	<b>Hámark</b>
Eingreiðsla vegna barna	9.620.000	9.620.000
Maki erlendis	3.323.340	3.323.340
Hækkun tekjuviðmiðs	7.500.000	12.000.000
Samtals	20.443.340	24.943.340



## Minnisblað


**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir

### Efni: Áhrif Covid-19 á fjárhagsaðstoð

#### Greinargerð:

Meðfylgjandi línurit sýnir meðalfjölda notenda framfærslustyrks á mánuði frá árinu 2005.

Upphafleg áætlun 2020 gerði ráð fyrir að notendur yrðu að meðaltali 1.076 á árinu 2020.



Settar hafa verið upp sviðsmyndir til fjárhagslegrar greiningar til að sjá hvernig þróunin getur orðið vegna áhrifa Covid-19.

V-sviðsmynd með 3-6 mánaða skarpri niðursveiflu. Gert ráð fyrir að það takist á skömmum tíma að ráða niðurlögum veirunnar á heimsvísu.

U-sviðsmynd með 9-12 mánaða skarpri niðursveiflu sem stendur til loka fyrsta ársfjórðungs árið 2021.

Áhrifin birtast í fjölgun atvinnulausra og þeirra sem fá fjárhagsaðstoð sem fjölgar einkum í U sviðsmynd.

2020	V		U
	Áætlun	sviðsmynd	sviðsmynd
Vinnuafli	76.035	76.035	76.035
Fjöldi atvinnulausra	-3.459	-7.836	-11.146
Fjöldi starfandi	72.576	68.199	64.889
Atvinnuleysi %	4,5%	10,3%	14,7%

Í sviðsmynd V er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 10,3%. Flestir íbúar finna fyrir tímabundnum fjárhagslegum áhrifum meðal annars tekjuskerðingum. Einstaklingar sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum, verktakar og lausráðið fólk, verða fyrir mestum fjárhagslegum skakkaföllum. Mikil áhrif á fyrirtæki í ferðaþjónustu og tengdum greinum og í ýmsum flokkum verslunar. Fyrirtæki sem standa af sér niðursveifluna ná sér hratt á strik á þriðja og fjórða ársfjórðungi.

Í sviðsmynd U er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 14,7%. Íbúar verða fyrir talsverðum tekjulækkunum og skuldir heimilanna aukast eftir því sem niðursveiflan hefur dýpkað og lengst. Vaxandi fjöldi einstaklinga sem hefur ekki réttindi til atvinnuleysisbóta, einkum erlendir starfsmenn, leita til borgarinnar vegna fjárhagsaðstoðar. Mikil áhrif á alla aðila sem tengjast ferðaþjónustu og verslun. Á öðrum ársfjórðungi 2021 verða merki um viðsnúning hjá fyrirtækjum og þau fara að undirbúa framhald verkefna sem var frestað.

		Áætlun	V - sviðsmynd	U - sviðsmynd
2020	fjöldi	1.076	<u>1.300</u>	<u>1.450</u>
2021	fjöldi	1.101	1.508	2.825
2020	upphæð	2.114.215.072	2.554.349.065	2.849.081.649
2021	upphæð	2.240.704.331	3.069.748.448	5.750.366.939
2020	hækkun í kr. vs. áætlun		440.133.993	734.866.577
2021	hækkun í kr. vs. áætlun		829.044.116	3.509.662.608
2020	% hækkun vs. áætlun		20,8%	34,8%
2021	% hækkun vs. áætlun		37,0%	156,6%

Sé miðað við sviðsmynd V munu notendur fjárhagsaðstoðar á árinu 2020 verða mánaðarlega 1.300 talsins. Meðalupphæð á árinu 2020 er áætluð 1.965 þús á ári pr. notanda. Samtals rúmlega 2,5 milljarðar.

Gangi sviðsmynd V eftir mun fjárhagsaðstoð til framfærslu hækka um 440 m.kr. á árinu og gangi sviðsmynd U eftir mun hún hækka um 735 m.kr. og notendur verða 1.450 að meðaltali hvern mánuð.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

<b>Dagsetning:</b>	27. apríl 2020
<b>Svið:</b>	Velferðarsvið
<b>Unnið af:</b>	Kristjana Gunnarsdóttir
<b>Verkefni/tillaga:</b>	Tillaga um eingreiðslu fjárhagsaðstoðar til barnafjölskyldna og tímabundnar tilsłakanir frá tekjum fyrri mánaða skv. Reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna Covid-19
<b>Þjónustupáttur:</b>	Fjárhagsaðstoð
<b>Stofnun/kostn.st.:</b>	
<b>Fjárhæð:</b>	20,4 - 24,9 mkr.
<b>Annað:</b>	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Markmiðið með tillögum um eingreiðslu fjárhagsaðstoðar til barnafjölskyldna/einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í mars og apríl sem og tímabundnar er lúta að tekjum fyrri mánaða er ætlað að mæta þeim aðstæðum sem hafa myndast vegna Covid-19 s.s. aukin útgjöld barnafjölskyldna vegna takmarkanna skólahalds og að dregið hefur úr aðstoð hjálparamtaka varðandi matargjafir.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Já, tillagan snýr að foreldrum óháð kyni og aðrar breytingar lúta að öllum þeim einstaklingum sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda hverju sinni.
<b>Hvaða hópa snertir tillagan?</b>
Einstaklinga, börn og barnafjölskyldur sem fá fjárhagsaðstoð.
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>
Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn og lítur að því að koma tímabundið til móts við aðstæður sem hafa skapast vegna Covid-19. Tillagan snertir eingöngu þá einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu og eru því með lægstu framfærslutekjur í samfélaginu. Tölfræði fjárhagsaðstoðar sýnir að flestir sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eru karlar því mun sú aðgerð að hækka viðmiðunartekjur næsta mánaðar á undan upp í 300.000 líklega koma fleiri körlum en konum að notum. Þær aðgerðir sem tekið er til varðandi eingreiðslu til barnafjölskyldna munu þó líklega koma fleiri konum til góða þar sem einstæðar mæður eru þar í meirihluta. Þessarar tölfræði mun aflað fyrir jafnréttismat.
<b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup></b>
Með ákvörðun borgarráðs dags. 2. apríl 2020 var ákveðið að jafnréttismat allar tillögur er varða aðgerðir vegna Covid-19 ástandsins.

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

